



Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti
Síðumúli 24
108 Reykjavík
frn@frn.is
Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 28. júní 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um breytingu á reglugerð nr. 707/2023 um lista yfir störf sem falla undir 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, mál nr. S-117/2024

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar breytingu á reglugerð um lista yfir störf sem falla undir 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, mál nr. S-117/2024 sem birt var í samráðsgátt 13. júní sl. Samtökin fagna því að fá tækifæri til að yfirfara listann.

Í samræmi við áskilnað fyrrgreindrar 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi tillögum að breytingum á reglugerð nr. 707/2023 um lista yfir störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar í skilningi laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.

SI hafa á síðustu árum komið því á framfæri að áframhaldandi vöxtur í hugverkaiðnaði hér á landi er háður nægu framboði af sérhæfðri þekkingu, reynslu og mannauði. Samkeppni um hæft starfsfólk á milli landa er hörð og hefur aukist til muna á síðustu árum af ýmsum ástæðum, svo sem vegna aukins hreyfanleika starfsfólks og aukinna þarfa á sérhæfingu eftir því sem tækninni fleygir fram. Með þeim breytingum á reglugerð sem hér eru til umræðu leitast stjórnvöld við að bregðast við skorti á sérfræðingum í **hugverka- og tækniiðnaði** og gera Ísland samkeppnishæfara í kapphlaupinu um þekkingu og sérhæfingu sem er afar jákvætt.

Samtökin fengu fyrirtækið Outcome til að framkvæma könnun vorið 2024, sem gerð var á meðal aðildarfyrirtækja SI í hugverka- og tækniiðnaði. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að aðildarfyrirtæki vænta 77% fjölgunar starfsfólks í tækni- og hugverkaiðnaði á næstu fimm árum¹. Vegna þeirra hröðu tækniframfara sem eru að eiga sér stað í ýmsum greinum iðnaðar í dag hafa ekki allir sérfræðingar hjá hugverka- og tæknifyrirtækjum formlega háskólamenntun að baki. Því er heimild Vinnumálastofnunar til þess að meta sérþekkingu út frá breiðari forsendum en fyrrgreint ákvæði 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga veitir í dag sérstaklega mikilvæg í þessu samhengi.

Þau sérfræðistörf sem samtökin telja mikilvægt að bæta við starfalistann sem settur er á grundvelli reglugerðarinnar eru eftirfarandi:

- Sérfræðistörf í skýjalausnum, gagnagreiningu og leitarvélbestun
- Sérfræðistörf í gagnaöryggi tölvukerfa
 - Data Analyst/Data Engineer

https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Vaenta-77-fjolgunar-starfsfolks-i-taekni-og-hugverkaidnadi-a-naestu-fimm-arum-02-02-2024.pdf



- Sérfræðistörf í gervigreind (AI) sem gætu skipst í eftirfarandi flokka:
 - Automation,
 - Machine learning,
 - Spunagreind
- Skilgreina nætti flokk 2512, “sérfræðistörf við hugbúnaðarþróun” betur. Tillaga samtakanna er eftirfarandi:
 - Sérfræðistörf í appþróun og stafrænni vöruþróun
 - Verkefnastýring í hugbúnaðarþróun
 - Vörueigandi í hugbúnaðarþróun; sá sem þekkir notendur best og hlustar eftir þeirra kröfum/þörfum
 - Greinandi í hugbúnaðarþróun
 - Hönnuður
 - Forritun (viðmót, bakendi, millilag)
 - Prófanir; kerfis- og notendaprófanir og gæðaeftirlit
 - Rekstur; þjónustustjórar, kerfisstjórar, forritarar og prófarar
 - Öryggisstjórar
 - Gæðastjóri
 - Sérfræðingur í gervigreind
- Reynslumiklir leiðtogar í þróun tölvuleikja á mörgum sviðum
- Efnaverkfræðingar
- Sérfræðingar og doktorar í sameinda- og erfðafræði.
- Sérfræðingar í líftæknilausnum á sviði greininga
- Sérfræðinga í máltækni

Vegna uppbyggingar og örrar þróunar í gagnaversiðnaði hér á landi hvetja samtökin stjórnvöld til að bæta eftirfarandi sérfræðistörfum við reglugerðina:

- Sérhæfðir tæknimenn í upplýsingatækniþjónustu gagnavera
- Sérhæfðir iðnaðarmenn í rekstri gagnavera
- Sérhæfðir verkfræðingar í rekstri gagnaversinnviða
- Sérhæfðir tæknifræðingar í rekstri gagnaversinnviða
- Sérhæfðir verkfræðingar í hönnun og byggingu gagnavera
- Sérhæfðir tæknifræðingar í hönnun og byggingu gagnavera
- Sérfræðingar í öryggismálum gagnavera
- Sérfræðingar í viðskiptaþróun fyrir sérhæfða gagnaversþjónustu
- Sérfræðingar í viðskiptaþjónustu fyrir sérhæfða gagnaversþjónustu

Að framangreindu sögðu er þó mikilvægt að hafa í huga að starfaflokkun ÍSTARF21 tekur ekki mið af atvinnumarkaði framtíðarinnar og nær í raun ekki utan um þann fjölbreytileika sem einkennir störf í hugverkaiðnaði í dag. Því er mikilvægt að listinn verði leiðarvísir um tegund starfa og nýttur með tilliti til þarfa atvinnulífsins hverju sinni sem geta verið breytilegar frá einum tíma til annars.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Erla Tinna Stefánsdóttir
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI